

Nr. 17-112 S 085 Grímsnes GK 555**Tók niðri í Grindavík**

Skipaskr.nr. 0089 IMO nr. 5427382
Útgerð: Maron ehf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1963 stál
Stærð: 178,6 brl. 276,8 bt.
Mesta lengd: 36,05 m Skráð lengd: 32,83 m
Breidd: 6,72 m Dýpt: 5,72 m
Vél: Caterpillar 671 kW 1985
Fjöldi skipverja: 9



Grímsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júlí 2017 var Grímsnes GK 555 að koma til hafnar í Grindavík. Djúprista um 3,0 m. Veður: N 5 m/s og sléttur sjór í höfninni.

Þegar verið var að leggja Grímsnesi að bryggju við Miðgarð tók skipið niðri (sjá mynd 1). Í ljós kom að skipið hafði farið í grjót en dýpkunarframkvæmdir höfðu staðið yfir á þessu svæði á vegum hafnarinnar.

**Mynd 1 Grímsnes tekur niðri**

Talsverðar skemmdir urðu á skrúfu (sjá mynd 2), stýri og hæl.



Mynd 2 Skemmdir á skrúfu

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn kvaðst hafa kallað á rás 14 í hafnarverði en ekki fengið svar. Hann ætlaði að leggja að bryggju þar sem hann hefði legið tveimur dögum áður;



Mynd 3 Sjávarbotninn

- að samkvæmt upplýsingum frá hafnaryfirvöldum hafði skipið ekki samband og hafði ekki fengið leiðbeiningar um legu. Fram kom að hlustun á rás 14 hefði verið á þessum tíma og hafnarvörður verið nálægt talstöð en mögulega hefði stilling á henni verið þannig að köll skiluðu sér ekki;

- að samkvæmt mælingu reyndist dýpið vera 1,6 m á þessu svæði á meðalstórstraumsfjöru en kl. 09:30 þegar Grímsnesið var á ferðinni var sjávarhæð +0,73 m og hefur dýpið þá verið 2,33 m. Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar frá 2013 var dýpið 3 – 4 m. Kafað var á svæðinu og reyndist sjávarbotninn vera stórgryttur eftir sprengingar;
- að skipstjóranum var kunnugt um neðansjávarframkvæmdir en taldi þær felast í einhverjum borunum en vissi ekki um sprengingarnar og breytingu á dýpi;
- að framkvæmdir hófust í lok apríl 2017 en ekki var send út tilkynning til sjófarenda um þær fyrr en 30. ágúst sama ár. Vegagerðin taldi það hafa verið vegna athugunarleysis og skorts á verklagsreglum;
- að fram kom hjá Vegagerðinni að yfirleitt væri ekki send út tilkynning til sjófarenda þegar dýpkað væri innan hafnar. Þegar verið er að byggja garða eða grynna innan hafnar þá væri undantekningalítið sett upp merki og tilkynningar sendar út en ákvörðun um það byggist væntanlega á mati hafnaryfirvalda í hvert skipti;
- að fram kom að ekki væru til verklagsreglur hjá Vegagerðinni varðandi tilkynningar til sjófarenda vegna hafnarframkvæmda né sérstakra tilmæla til hafnaryfirvalda;
- að samkvæmt lögum um vitamál nr. 132/1999 hefur Vegagerðin víðtæka upplýsingaskyldu til sjófarenda um öruggar siglingar;
- að ákvæði um tilkynningar til sjófarenda eru einnig að finna í stöðlum Alþjóða sjómælingastofnunarinnar (IHO) varðandi sjókortagerð (*REGULATIONS OF THE IHO FOR INTERNATIONAL (INT) CHARTS AND CHART SPECIFICATIONS OF THE IHO*);
- að engar yfirborðsmerkingar voru á framkvæmdarsvæðinu;
- að í 34. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnarmál segir um umferð um höfn að: „*skipstjóri sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal með talstöðvarsambandi við hafnarskrifstofu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til*“;
- að afli um borð voru rúmlega fjögur tonn og hafði báturinn landað í fjögur skipti á árinu í höfninni, síðast mánuði áður;
- að fram kom hjá Vegagerðinni að hún myndi senda til allra hafna ábendingu um að framkvæmdir sem geta haft áhrif á dýpi þ.m.t. dýpkanir, landfyllingar, bryggjur og garðar verði ávalt tilkynntar til sjófarenda og framkvæmdasvæði merkt eins og kostur er.

Nefndarálit:

Orsök þess að skipið tók niðri var skortur á upplýsingum, samskiptum og merkingum um neðansjávarvinnu.

Nefndin telur að upplýsingar um þessar framkvæmdir hefðu átt að koma fyrr fram í „*Tilkynningum til sjófarenda*“